

Orkustofnun
Skúli Thoroddsen
Grensásvegi 9
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 30. janúar 2019
2019010053/42-0
TB
tb

Umsókn Arctic Hydro um rannsóknarleyfi vegna áætlana um 6,4 MW virkjunar á vatnasvæði Gilsár á Jökuldal í Fljótshálsaá

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 17. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Arctic Hydro um rannsóknarleyfi vegna áætlana um 6,4 MW virkjunar á vatnasvæði Gilsár á Jökuldal í Fljótshálsaá.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir erindið og gerir ekki athugasemd við að leyfi sé veitt til rannsókna sem ekki hafa í för með sér rask á landi. Hugmyndir um stærð framangreindrar virkjunar sagðar vera um 6,4 MW en milli 5-10 MW í umsókninni. Ef virkjunin verður undir 10 MW fellur hún ekki undir A flokk 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum né heldur undir lög um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011. Þó um sé að ræða litla virkjun, með ákveðinni óvissu um stærð, telur Náttúrufræðistofnun að líta eigi til sömu viðmiða hvað varðar leyfisveitingar vegna orkurannsókna fyrir minni virkjanir og finna má í 3. mgr. 5. gr. laga nr. 48/2011, þ.e. að rannsóknirnar séu ekki leyfisskyldar og framkvæmdir vegna þeirra ekki matsskyldar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum eða hugsanlega háðar mati á umhverfisáhrifum. Einnig að rannsóknirnar fari ekki í bága við lög um náttúruvernd s.s. ákvæða um akstur utan vega o.fl. Á það skal bent að eðlilegt er að fyrst séu heimilaðar rannsóknir sem engu raski valda s.s. rennslismælingar sem gefa m.a. til kynna hvort um sé að ræða hagkvæman kost eða ekki og bíða þá með rannsóknir sem valda raski.

Rannsóknasvæðið virðist skarast við jaðar svæðis sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að verði verndað, sjá meðfylgjandi mynd, en stofnunin hefur nýlega lagt til við umhverfis- og auðlindaráðuneytið, að vernda skuli ákvæðin svæði á landinu og að þau verði sett á framkvæmdaáætlun eða B-hluta náttúruvinnjaskrár í samræmi við lög nr. 60/2013. Öll svæðin má sjá hér: <http://ni.is/midlun/natturuminjaskra> en einnig má skoða tillögurnar í kortasjá, <https://natturuminjaskra.ni.is/>. Það svæði sem bent er á hér að framan má sjá hér: <https://ni.is/node/21617> og nánar í fyrrgreindri kortasjá, lagt er til að vernda svæði vegna ferskvatnsvistgerða, hálendistjarnir, en þar verpa einnig m.a. álfir.

Á það skal bent að tillögur Náttúrufræðistofnunar til ráðherra eiga eftir að fara í formlegt ferli samkvæmt 36. grein fyrrgreindra laga. Á þessari stundu segja tillögurnar því ekkert um hvort ákvæðið skipulag eða starfsemi falli að verndartillögu eða ekki eða hvort tillaga nái fram að ganga.



Nái tillögurnar fram að ganga á einnig eftir að fjalla um skilamála sem varða verndina. Lögð er áhersla á að hér er um faglegt álit Náttúrufræðistofnunar að ræða sem eftir á vinna úr í samræmi við lög um náttúruvernd.

Virðingarfyllst



Trausti Baldursson
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar



